

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Egilsstaðir, 18. apríl 2017

## **Umsögn Ferðaþjónustunnar Óseyrar um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022, mál nr. 402 á 146. löggjafarþingi.**

Ferðaþjónustan Óseyri er lítið fjölskyldufyrirtæki staðsett á Egilsstöðum og rekur Gistihús Olgu og Gistihúsið Birtu með samtals 14 herbergjum.

Við fjölskyldan fluttum austur 2012 eftir nokkurra ára dvöl erlendis. Við sáum tækifæri í ferðaþjónustunni til að geta búið til okkar eigin atvinnu á svæðinu.

2013 keyptum við Gistihús Olgu sem var í rekstri og 2014 fjárfestum við í öðru húsi og opnuðum Gistihúsið Birtu. 2015 fórum við svo í breytingar á Birtu og bættum við tveim herbergjum með viðbyggingu. Við höfðum hugsað okkar að bæta við tveim herbergjum á næsta ári 2018 en miðað við núverandi óvissu höfum við hætt við það.

Fyrstu árin vorum við með sumarstarfsmann, sem urðu að sumarstarfsmönnum en 2015 fórum við í það að ráða inn til okkar heilsársstarfsmann þar sem við sáum fram á töluverða aukningu yfir veturinn, en þrátt fyrir að sú aukning hafi gengið eftir gengur vetaropnunin á sumarinnkomuna en með von um betri dreifingu ferðamanna út á landi sá maður fram á að þetta gæti borið sig yfir veturinn.

Styrking krónunnar síðustu ár hefur gert reksturinn mun erfiðari og nú sú fyrirhugaða ákvörðun um að hækka vaskinn gerir mann ekki bjarsýnann á framhaldið, en við sjáum ekki að við getum velt þessari hækkan úr í verðið og þá er ekki mikið eftir í rekstrinum..

Hjá okkur eru um 99% allra gistinga ein nótt sem gerir reksturinn mun óhagkvæmari hjá okkur en sambærilegum fyrirtækjum fyrir sunnan þar sem fólk gistir 2 nætur eða meira. Við erum eins langt frá Keflavíkurflugvelli og hægt er en þangað koma um 98% allra ferðamanna til landsins, það er því mikil hætta á því að ef að vaskurinn hækkar muni fólk stytta tíma sinn á Íslandi enn frekar og dvelja í auknu mæli nær flugvellið og höfuðborginni.

Ef vaskhækunin gengur í gegn sjáum við ekki fram á annað en við munum segja upp heilsársstarfamanni okkar og loka 4-5 mánuði á ári, því þessi tími er ekki að skila okkur neinu, en það var þess virði að hafa opið til að reyna að fá ferðamenn inn á svæðið og í von um að fjöldi þeirra austur myndi aukast. Við heyrum ekki betur en þetta sé það sem muni gerast í auknu mæli hjá öðrum rekstaraðilum á Austurlandi.

Þetta mun klárlega gera resturinn erfiðari því þá þarf maður alltaf að vera að ráða inn nýtt starfsfólk, gæðin munu minnka. Heilsársstörfum á svæðinu munu fækka og ferðaþjónustan á Austurlandi mun færast nokkur ár aftur í tímann. Þetta mun svo aftur hafa áhrif á dreifingu ferðamanna en eitt er víst að þeir fara ekki þangað sem allt er lokað.

Í stað þess að fara í vaskhækkunir við núverandi aðstæður væri miklu frekar að ná fram dreifingu ferðamanna með því að kynna Vestur -Norður og Austurland sem áfangastaði, setja

almennilega peninga í að opna Egilsstaðaflugvöll og Akueyraflugvöll sem aðar gáttir inn í landið og styrkja innviði og þá sérstaklega samgönguinnviði sem nýtist öllum, íbúum jafnt sem ferðamönnum.

Ívar Ingimarsson og Hefna Arnardóttir  
Ferðapjónustan Óseyri  
kt: 430912-0540  
Norðurtúni 24  
700 Egilsstaðir